



# Valdatákn í myndlist

**Kynning** Á 1. hæð Safnahússins er sýningarhluti sem kallast Upp og fjallar um það sem við horfum upp til, eins og til dæmis valdhafa, þá sem ráða, leiðtoga, kóngafólk og trúarleiðtoga. Nánari upplýsingar um sýninguna, valin verk í sýningarsalnum Upp ásamt hljóðleiðsögn fást hér: [www.safnahusid.is/vefleidsogn](http://www.safnahusid.is/vefleidsogn)

**Í aðalnámskrá grunnskóla segir** „Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur okkar að læra að lesa og greina. Eitt lykilhlutverk menntunar er að læra að skilja þann heim sem við búum í svo við verðum virkir, gagnrýnir samfélagsþegnar sem geta látið gott af sér leiða. Sjónlistir henta vel til þess, því í myndmennt er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni.“<sup>1</sup>

Í verkefninu eru nemendur leiddir í gegnum lestur á myndrænum valdatáknum. Verkefnið gefur þeim tækifæri til að ræða og velta fyrir sér valdahlutföllum samfélagsins og í þeirra nánasta umhverfi. Hægt er að nýta verkefnið sem hluta af umræðu um stjórnsýslu og völd í íslensku samfélagi.

**Undirbúningur fyrir heimsókn** Áður en Safnahúsið er heimsótt er gott að leggja verkefni fyrir nemendur og biðja þá um að hugleiða hvað orðin „valdhafi“ og „leiðtogi“ þýða. Hver er það sem ræður í þeirra lífi? Hverjir eru það sem nemendur líta upp til? Biðjið nemendur að teikna mynd af þessari persónu. Tilgangurinn er að velta fyrir sér hvernig vald er gert sýnilegt með myndum. Kennari sækir verkefnablaðið vald.pdf á vef Safnahússins ([www.safnahusid.is](http://www.safnahusid.is)) undir Fræðsla - Skólaheimsóknir, prentar út fyrir nemendur (eitt á mann) og tekur með í heimsóknina.

**Þegar í Safnahúsið er komið** Hvar á að byrja? Í kjallara Safnahússins er fræðslurými með fatakengi og spjöldum til að festa verkefnablaðið á (í blárrí hirslu). Blýantar eru í afgreiðslu.

**1 Upphitun:** Í kjallara hússins, í hvítum kassa, eru leiðbeiningar um teiknigátu til að vinna á kritartöflu. Nemendur skiptast á að draga miða með orði, teikna mynd sem lýsir orðinu og hinir nemendurnir reyna að geta upp á hvað er á myndinni. Kennarinn er tímavörður og snýr stundaglasi þegar byrjað er að teikna og lætur vita þegar tíminn er liðinn. Orðin í leikum tengjast myndefni verkanna sem hópurinn skoðar síðar. Leikurinn er einnig á vef Safnahússins [www.safnahusid.is](http://www.safnahusid.is) undir Fræðsla - Skólaheimsóknir í skjalinu teiknigata.pdf.

**2 Næst:** Nemendum er skipt í hópa (2-4 nem. í hverjum hópi) til að vinna verkefni í einum sýningarsal Safnahússins. Hver nemandi fær verkefnablað, blýant og spjald. Áður en lagt er af stað upp á 1. hæð er verkefnið kynnt fyrir nemendum.

**Verkefnið** Nemendur vinna verkefni sem felst í því að rýna í valdatákn í myndlist. Innst í sýningarsalnum Upp á 1. hæð Safnahússins, eru myndir af nokkrum persónum úr verkum sýningarinnar. Hver nemendahópur velur eina mynd af persónu og vinnur verkefnið á verkefnablaðinu í tengslum við persónu verksins. Á verkefnablaðinu kemur fram hvað nemendur eiga að gera. Nemendur eiga að hjálpast að við að finna verkin sem myndirnar eru af og ræða sín á milli möguleg svör við spurningum verkefnisins. Hver nemandi skráir svör sín á sitt eigið verkefnablað. Að lokum er myndunum skilað aftur á sinn stað.

**Athugið** Haldið hópurinn á meðan á heimsókn stendur. Þá er átt við að allur hópurinn heimsæki eitt sýningarými í einu en inni í því rými ganga nemendur um að vild og vinna verkefnið. Hvetjið nemendur sem eru fljótir að leysa verkefnið til að ganga rólega um rýmið, sem þið eruð stödd í, og skoða verkin á meðan beðið er eftir að allir klári verkefnið. Hvetjið nemendur til að skoða verkin vel og spjalla um hvað þau sjá í verkinu. Hver nemandi skrifar hugsanir sínar á verkefnablað sitt. Þjálfað starfsfólk Safnahússins er á staðnum tilbúið til aðstoðar.

**3 Að lokum:** Látið nemendur setjast á gólfíð hjá uppstoppaðri rjúpu og fála sem eru til sýnis í einu horni sýningarrýmisins. Lesið söguna um Mariu mey og fuglana:

*Rjúpan, sem er systir fálkans, er snotur fugl og hraðfleygur. Það er vörn hennar móti bróður sínum, fálkanum, að hún verður samlit snjónum á vetrin, en jörðinni á sumrin, og gengur honum því illa að sjá hana. Það er gömul sögn, að Guð bauð Sankti Mariu að kalla saman alla fugla og prófa hlýðni þeirra við sig, með því að leggja fyrir þá ýmsar þrautir. María bauð þeim að vaða logandi bál. Hlýddu þeir allir, nema rjúpan. Hún bar það fyrir sig, að hún sviði fiðrið af fjótum sér. „Sértu þá hédan frá loðin um fætturna,“ sagði María. „En af því að þú óhlýðnaðist boðinu, þá skal bróðir þinn sitja um líf þitt og drepa þig sér til matar, og þó sér óvitandi, en kenna ætíð, þá kemur að hjartanu.“ Þetta varð.*

Úr Þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar .

Komið þið auga á aðra fugla í sýningunni?

Mariuerla er kennd við Mariu mey en sagan um hvernig fuglinn tengist Mariu er gleymd.

Dúfa er tákn um heilagan anda í kristinni list. Á sýningunni eru nokkrar myndir af dúfum.

**Ef tími gefst til** Heimsækið Lestrarsal hússins á 2. hæð þar sem fjallað er um sjálfsmýndir. Skoðið verkin í skápunum, setjist svo niður við borðin og vinnið verkefni í teikningu.

**Eftir heimsókn** Þegar í skólann er komið er upplagt að láta nemendur teikna mynd af því verki sem þeim finnst eftirminnilegast og skrifa stutta lýsingu á heimsókninni. Á þann hátt verður upplifunin eftirminnilegri.

<sup>1</sup> Tilvitnun í námskrá er úr: Mennia- og menningarmálaráðuneytið. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: almennum hluti 2011 og gréinasvið 2013. bls. 148. Sótt á <http://www.menntamalaráðuneyti.is/uggefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/> (þann 27.3.15).